

LÖG

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl.,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. gr. tollskrárlaga:

- a) Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum lækki í 40%:
08.01.79, 08.03.00, 19.03.00, 19.05.00, 20.02.02, 20.03.00, 21.02.19, 21.07.05, 21.07.06,
69.11.00, 69.12.00, 70.12.00, 73.38.11, 73.38.19, 76.15.10, 82.08.00, 82.09.01, 82.09.09,
82.14.00, 85.12.54, 87.13.01, 87.13.09 og 98.15.00.
- b) Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum falli niður:
90.01.01, 90.03.00, 90.04.09 og 90.19.10.
- c) Tollskrárnúmer 70.13.00 ásamt skiptiliðum orðist svo:
70.13 Borðbúnaður, húsbúnaður, snyrtiáhöld, hreinlætistöki og skrifstofuáhöld,
skrautmunir o. þ. h. úr gleri (þó ekki vörur sem teljast til nr. 70.19):

	Tolltaxti %
-01 Borðbúnaður og búsaðhöld	40
-09 Annað	80

2. gr.

Lög þessi eru sett til að öðlast gildi frá og með 1. júlí 1983.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 38/1978, um ónæmisaðgerðir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögina bætist ný gr. er verði 12. gr. og orðist svo:

Innflutningur og notkun á lifandi smitefnum (bakteríum, veirum, sveppum, sníkjudýrum og „lifandi“ ónæmissefnum), sem valdið geta sjúkdómum eða sýkingu í mönnum, dýrum og fiskum, er óheimil.

Heilbrigðisráðherra er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr. mæli ríkar ástæður með skv. sérstakri umsókn opinberra rannsóknastofnana. Í umsókn skulu koma fram ítarlegar upplýsingar um notkun, framleiðslu, meðferð, gerð íláta, merkingu íláta, geymslu, varúðarráðstafanir og eyðingu efnanna. Heilbrigðisráðherra getur sett sem skilyrði fyrir veitingu slíkra leyfa, sé um að ræða tilraunir, að viðkomandi kaupri váttryggingu er nái yfir allan hugsanlegan skaða. Leyfi til innflutnings og notkunar skv. þessari grein á efnum, er valdið geta sjúkdómum eða sýkingu í dýrum eða fiskum, er og háð samþykki landbúnaðar-ráðherra.

Áður en leyfi er veitt skv. þessari grein skal ávallt leita umsagnar landlæknis eða yfirdýralæknis, eftir því sem við á hverju sinni.

2. gr.

12. gr. verði 13. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 3. gr. laganna breytist 39. tl. og orðist svo:

Að fella niður eða endurgreiða gjöld af vísindatækjum og búnaði sem ætlaður er til notkunar hjá viðurkenndum rannsóknaraðilum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.